



Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um bílaflota Reykjavíkurborgar

Á fundi borgarráðs 26. september sl. lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Bílarnir RX-X04 og FM-E45 fundust í bílajakjallara í rótgrónu íbúahverfi.

- 1. Hvers vegna eru bílar Reykjavíkurborgar geymdir á þessum stað?*
- 2. Hver kom þeim þarna fyrir?*
- 3. Hverjir innan stjórnkerfisins vissu af tilvist bílana á þessum stað?*
- 4. Eru fleiri bílar Reykjavíkurborgar gleymdir/geymdir í bílajakjöllurum/bílastæðum í íbúahverfum?*
- 5. Hvernig er talningu/yfirsýn yfir bílaflota Reykjavíkur háttað?*
- 6. Hvað er Reykjavíkurborg skráð fyrir mörgum bílum og hvert er áætlað verðgildi þeirra?*
- 7. Er vitað hvar allir bílarnir eru staðsettir í hús?*
- 8. Hefur það gerst að „gleymdir“ bílar hafi verð seldir og andvirði þeirra ekki skilað sér í bókhald Reykjavíkur?*
- 9. Hver er það hjá Reykjavíkurborg sem sér um að kaupa og selja bíla?*
- 10. Hver tekur ákvörðun um kaup og sölu bíla hjá Reykjavíkurborg?“*

Svar:

- Umræddar bifreiðar voru í notkun hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar en var skilað og voru settar í bílastæði í bílageymslu í umsjá Reykjavíkurborgar á meðan verið væri að kanna hvort önnur svið borgarinnar gætu nýtt bifreiðarnar.
- Starfsfólk Reykjavíkurborgar.
- Starfsmenn hjá eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar, hjá Velferðarsviði, hjá Umhverfis- og skipulagssviði ásamt starfsmönnum þjónustu- og nýsköpunarsviðs.
- Eignasjóður á 108 ökutæki sem eru leigð til sviða og skrifstofa Reykjavíkurborgar. Viðkomandi svið geyma ökutækin í stæðum, bílageymslum og lóðum sem Reykjavíkurborg hefur til umráða.
- Allar bifreiðar í eigu Reykjavíkurborgar eru skráðar í bókhaldskerfi borgarinnar og er yfirsýn hjá FÁST og eignaskrifstofu.
- Eignasjóður á 108 ökutæki, sjá meðfylgjandi flokkun.

	Fjöldi stk.	Bókfært verð des. 2019	Bókfært verð meðaltal pr. ökutæki
Vörubifreið II (N3) - Sorpbifreið	10	325,650,475	32,565,048
Fólksbifreið (M1)	56	36,364,575	649,367
Sendibifreið (N1) - Flokkabifreið	40	34,006,876	850,172
Vörubifreið I (N2)	2	1,067,426	533,713
Samtals	108	397,089,352	

7. Bókhaldskerfi Reykjavíkurborgar heldur utan um upplýsingar hvaða svið eru með ökutækið í leigu á hverjum tíma.

8. Ökutæki eignasjóðs eru skráð í bókhaldskerfi borgarinnar og er yfirsýn hjá FÁST og eignaskrifstofu. Ökutæki fara ekki úr eignaskráningu án skýringa.

9. Starfsmenn eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar í samráði við önnur svið og skrifstofur Reykjavíkurborgar.

10. Starfsmenn eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar í samráði við önnur svið og skrifstofur Reykjavíkurborgar.

Óli Jón Hertervig